

Frumvarp til laga um kjararáð

Breytt fyrirkomulag launaákvarðana.
Helstu breytingar.



- Með frumvarpinu er stefnt að breyttu fyrirkomulagi launaákvæðana embættismanna, forstöðumanna og annarra þeirra sem nú falla undir úrskurðarvald kjararáðs.
- Það leiðarljós var sett að fækka verulega þeim sem kjararáð ákvarðar laun og önnur starfskjör.

Markmið frumvarpsins er:

- Að fjölga þeim aftur sem taka laun samkvæmt samningum á venjulegan hátt.
- Að þeir sem ekki geta samið um laun á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna hafi meiri aðkomu að málum þegar ákvarðanir eru teknar um laun og starfskjör þeirra en nú er.

- Að það verði eingöngu verkefni kjararáðs að ákvarða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, saksóknara, allra ráðherra, ráðuneytisstjóra og þeirra skrifstofustjóra sem heyra undir ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins og fara með fyrirvar fyrir hönd ráðherra við gerð kjarasamninga, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra og ríkissáttasemjara., sbr. 1. gr. frumvarpsins.
- Þeim aðilum sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs mun því fækka verulega.
- Fjöldi þeirra sem fengu greidd laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs voru árið 2014 um 580:
 - ✓ Greitt úr launakerfi Fjársýslu ríkisins voru um 550.
 - ✓ Framkvæmdastjórar félaga sem ríkið á meiri hluta í voru um 30.
- Fjöldi samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður um 150.
- Fjöldi þeirra sem falla undan ákvörðunarvaldi kjararáðs verða því um 430.
- Að meginstofni til eru önnur ákvæði frumvarpsins um kjararáð sambærileg gildandi lögum.

- Nýtt launafyrirkomulag verður sett á fót þar sem fjármála- og efnahagsráðherra felur kjara og mannauðssýsluags að ákvarða nánari grunnlaunaflokkun og undirflokkun starfa auk forsendna fyrir greiðslu viðbótarlauna.
- Hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn ákvarðar undirflokkun og viðbótarlaun á grundvelli forsenda sem settar verða.
- Félagi forstöðumanna ríkisstofnana verður gefin kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um álitamál sem upp kunna að koma vegna flokkunar starfa og forsendna viðbótarlauna.

- Kjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands og sendiherra taki mið af kjarasamningum á venjulegan hátt, þ.e. kjarasamningum Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.
 - ✓ Sendiherrar og skrifstofustjórar voru, áður en laun þeirra voru felld undir kjaranefnd, í stéttarfélagi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.
- Kjör aðstoðarmanna ráðherra taki mið af kjörum skrifstofustjóra.

- Forsætisnefnd Alþingis ákvarðar laun skrifstofustjóra Alþingis, ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis með hliðsjón af nýju launafyrirkomulagi.
- Stjórn dómstólasýslunnar ákvarðar laun embættismanna dómstóla annarra en dómara með hliðsjón af nýju launafyrirkomulagi.
- Ákvörðun kjara biskups Íslands, vígslubiskupa, prófesta og presta þjóðkirkjunnar ráðist af samningum innan þjóðkirkjunnar en fari ekki eftir ákvörðun kjararáðs ef um það fyrirkomulag semst á milli ríki og þjóðkirkjuna, sbr. samkomulags ríkis og þjóðkirkju frá 1997 og 60. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

- Stjórn félags í meirihlutaeigu ríkisins gerir samkomulag við framkvæmdastjóra um laun og starfskjör:
 - ✓ Hlutafélaga.
 - ✓ Féлага, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins.
 - ✓ Féлага sem eru í eigu hlutafélaga og annars konar félaga, sem er að meiri hluta í eigu ríkisins.

- Stjórnin semur um laun og starfskjör framkvæmdastjóra á grundvelli starfskjarastefnu félagsins og settrar eigandastefnu ríkisins í félögum.

- Ríkissaksóknari, sérákvæði í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 88/2008, um að hann skuli njóta sömu löggjara og hæstaréttardómari.
- ✓ Í greininni segir:

„Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Skal hann skipaður ótímabundið í embætti af ráðherra og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Skal hann enn fremur njóta sömu löggjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.“
- Hér er byggt á því sjónarmiða að það kynni að verða talið geta haft áhrif á það hvernig ákærendur sinna störfum sínum, ef þeir væru undir ákvörðun framkvæmdarvalds settir um launakjör sín og starfsöryggi. Fyrir þá sem sæta rannsókn og hugsanlegri saksókn er mjög mikilvægt að geta verið þess fullviss, að ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanir um saksókn.

Kjararáð ákveður laun

- Forseta Íslands.
- Alþingismanna.
- Dómara.
- Saksóknara.
- Ráðherra, ráðuneytisstjóra og tveggja skrifstofustjóra.
- Seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.
- Ríkissáttasemjara.

Undir nýtt launafyrirkomulag

- Embættismenn sem skipaðir eru af ráðherra og njóta ekki sérstöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu og taldir eru upp í 1-12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996.
- Forstöðumenn ríkisstofnana sem skipaðir eru af ráðherra eða stjórn og birtir eru á forstöðumannalista ár hvert skv. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996.
- Laun og starfskjör nefndarmanna í ákveðnum úrskurðarnefndum vegna stjórnvaldsákvarðana fari eftir nýju launafyrirkomulagi.

Kjarasamningar

- Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
- Sendiherrar.
- Aðstoðarmenn ráðherra taki mið af kjörum skrifstofustjóra.

Embættismenn Alþingis og þjóðkirkjunnar, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar og skrifstofustjóri Landsréttar og Hæstaréttar

- Forsætisnefnd Alþingis ákveði laun skrifstofustjóra Alþingis, ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis með hliðsjón af nýju launafyrirkomulagi.
- Stjórn dómstólasýslunnar ákveður laun framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Landsréttar og Hæstaréttar með hliðsjón af nýju launafyrirkomulagi.
- Launákvæðanir og launavinnsla vegan biskups Íslands, vígslubiskupa, prófesta og presta þjóðkirkjunnar fari til þjóðkirkjunnar en verði undir kjararáði þar til samkomulag hefur náðst um nýtt launafyrirkomulag.

Almenn heimild til að setja á fót sérstaka starfseiningu eða ráðuneytisstofnun

- Almenna heimild til að setja á fót sérstakar starfseiningar er að finna í 17. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, en þar segir:
 - ✓ „Ráðherra skal skipuleggja aðalskrifstofu ráðuneytis með því að skipta henni upp í fagskrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Jafnframt er heimilt að setja á fót sérstakar starfseiningar og ráðuneytisstofnanir sem eru starfræktar sem hluti af ráðuneyti. Slíkum starfseiningum stýrir embættismaður, í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra.“
- Vilji ráðherra fela einingunni tiltekin verkefni getur hann með erindisbréfi framselt henni valdheimildir til að ljúka tilteknum málum og taka tilteknar ákvarðanir án þess að þær séu áður bornar undir ráðuneytisstjóra eða ráðherra.

- Í frumvarpinu er valin sú leið að leggja til breytingar á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem fjármála- og efnahagsráðherra felur kjara- og mannauðssýslu að ákvarða fjölda grunnlaunaflokka starfa, á hvaða forsendum sú grunnlaunaflokkun byggir og til hvaða grunnlaunaflokks einstöku starfi er skipað, forsendur fyrir frekari undirflokkun þeirra auk forsendna fyrir greiðslu viðbótarlauna.

- Þegar metið er til hverra launakjör skulu fara eftir nýju fyrirkomulagi er rétt að hafa í þeim hópi þá embættismenn:
 - ✓ Sem skipaðir eru af ráðherra og ekki njóta sérstöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu og taldir eru upp í 1-12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996.
 - ✓ Forstöðumenn ríkisstofnana sem skipaðir eru af ráðherra eða stjórn og birtir eru á forstöðumannalista ár hvert skv. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996.

- Í frumvarpinu er einnig lagt til að ráðherra setji stjórnendastefnu, verklagsreglur og leiðbeiningar sem þýðingu geta haft við framkvæmd hennar þar sem m.a. komi fram hvaða almennu hæfnisþætti leggja skuli áherslu á, framkvæmd frammistöðumats og gerð starfsþróunaráætlunar fyrir forstöðumenn og skilgreining mælikvarða fyrir grunmat á rekstri stofnana í samráði við hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn.

- Tilgangur frumvarpsins er að breyta fyrirkomulagi launaákvæðana þannig að þeim fækki verulega sem kjararáð ákvarðar laun og önnur starfskjör.
- Þróun síðustu ára hefur verið í átt til aukinnar miðstýringar og óhóflegs fjölda þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs falla en ástæða er til vegna eðlis starfa og sérstöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu.
- Hvað varðar launaákvæðanir þeirra aðila sem ekki heyrðu lengur undir ákvörðunarvald kjararáðs er einkum horft til þess launafyrirkomulags sem er í Noregi og kjarasamninga.

Tillögur starfshóps fjármálaráðherra - apríl 2012

Starfshópur fjármálaráðherra

- Fjármálaráðherra skipaði í mars 2011 starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna.
- Starfshópurinn skilaði tillögum til fjármálaráðherra í apríl 2012.
 - ✓ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/almennt/tillogur-starfshops-um-starfsumhverfi-forstodumanna/>

Tillögur starfshóps

Starfshópurinn gerði það m.a. að tillögu sinni:

- Að sett yrði heildstæð stjórnendastefna, þar sem miðlægni einingu yrði falin ábyrgð á fyrirkomulagi ráðningarmála, launaákvæðana, frammistöðumats og starfsþróunar, hreyfanleika og starfslokum forstöðumanna, út frá fyrirfram skilgreindum viðmiðum og verklagi.
- Að stofnuð yrði með lögum sjálfstæð eining innan stjórnáskrár sem sinnti allri framkvæmd og utanumhaldi um fyrirkomulag ráðninga, launaákvæðana, frammistöðumat, starfsþróun, hreyfanleika og starfslok forstöðumanna.

Tillögur starfshóps

- Þá gerði starfshópurinn einnig tillögu um að grundvallar-breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi launaákvæðunar forstöðumanna og að reglubundið yrði lagt mat á frammistöðu þeirra og stuðlað að starfsþróun með markvissum hætti og auknum sveigjanleika við starfslok.

Breyting launaákvæðana

- Þær tillögur að breytingu launaákvæðana sem fram koma í frumvarpinu og varða breytingar á lögum nr. 70/1996 taka mið af tillögum starfshópsins.
- Að auki var horft til tveggja skýrslna Ríkisendurskoðunar um mannauðsmál ríkisins sem komu út í janúar og september 2011 undir heitinum „Mannauðsmál ríkisins-1, Starfslok ríkisstarfsmanna“ og „Mannauðsmál ríkisins-2, Stefna stjórnvalda og staða mannauðsmála ríkisins“.

Norska launakerfið frá 1991-2015

Norska launakerfið

- Í frumvarpinu er lagt til að norska leiðin (Statens lederlønssystem) verði haft til hliðsjónar við útfærslu að nýrri tilhögun launaákvörðunar.
- Í Noregi hefur „Statens lederlønssystem“ verið í notkun frá því árið 1991.
- Launin eru uppfærð árlega þann 1. október en um 2/3 starfa raðast nú í grunnlaunaflokk A og B.

Norska launakerfið

- Samkvæmt norska kerfinu er ákvörðunarvaldi skipt milli aðila:
- ✓ „fornyings-, administrasjons- og kirkeministern“ staðfestir árlega röðun starfa í grunnlaunaflokk (A-E) og uppfærslu launa fyrir grunnlaunaflokka og undirflokka.
- ✓ „Kommunal- og moderniseringsdepartmentet“ hefur síðan umsjón með uppfærslu launa 1. október ár hvert og nánara eftirlit með framkvæmd launaákvörðana.

Norska launakerfið

- Norska kerfið byggist upp á fimm grunnlaunaflokkum (A-E) og fjórum undirflokkun (0-3) auk tímabundna viðbótarlauna.
- Laun fyrir starf ræðst af því í hvaða grunnlaunaflokk og undirflokk starf raðast.
- Viðkomandi fagráðuneyti ákvarðar í hvaða undirflokk starf raðast (0-3).

Norska launakerfið

- Viðbótarlaun eru tímabundin og ákveðin af viðkomandi fagráðuneyti og greiðast fyrir árangur í starfi. Eru þau metin árlega á grundvelli árangurs og frammistöðusamtals og geta mest orðið 30% af grunnlaunum.
- Í sérstökum tilvikum getur „fornyings-, administrasjons- og kirkeministern“ ákveðið hærri viðbótarlaun.

Norska launataflan frá 1. október 2014

Kategori	Delkategori	Løn per. 01.10.2014
A	A0	791.000
	A1	816.000
	A2	844.000
	A3	870.000
B	B0	896.000
	B1	923.000
	B2	949.000
	B3	976.000
C	C0	998.000
	C1	1.025.000
	C2	1.053.000
	C3	1.079.000
D	D0	1.103.000
	D1	1.132.000
	D2	1.161.000
	D3	1.191.000
E	E0	1.219.000
	E1	1.249.000
	E2	1.277.000
	E3	1.307.000

Ákvæði 39. gr. a stml.

Verkefni, 1. mgr. 39. gr. a

- Fjöldi grunnlaunaflokka starfa og á hvaða forsendum sú grunnlaunaflokkun byggir.
- Til hvaða grunnlaunaflokks einstöku starfi er skipað og forsendur fyrir frekari undirflokkun þeirra.
- Forsendur fyrir greiðslu viðbótarlauna.

Launaákvörðun, 3. mgr. 39. gr. a

- Við ákvörðun þeirra launa sem grunnlaunaflokkur og undirflokkur fylgja skal taka tillit til:
 - ✓ Starfsskyldna og ábyrgðar.
 - ✓ Hæfniskrafna.
 - ✓ Vinnuframlags.
 - ✓ Álags er starfi fylgja.
 - ✓ Hvaða aukastörf beri að launa sérstaklega.
 - ✓ Kveða á um önnur starfskjör.

Verkefni hlutaðeigandi ráðherra og stjórnar, 1. mgr. 39. gr. a

Hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn ákveður:

- Undirflokkun forstöðumanns innan viðkomandi grunnlaunaflokks.
- Viðbótarlaun á grundvelli forsenda sem sérstaka starfseiningin setur.

Launaákvörðun, 3. mgr. 39. gr. a

- Við ákvörðun grunnlaunaflokka og undirflokka skal sérstaklega gæta samræmis milli þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana sem sérstaka starfseiningin tekur.
- Ætíð skal taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Ákvæði 39. gr. a stml.

Gagnaöflun, 4. mgr. 39. gr. a

- Áður en ákvörðun um breytingu á grunnlaunaflokkun og undirflokkun er tekin skal afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga.
- Ráðherra, hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn getur krafist skýrslna, munnlegra eða skriflegra af aðilum. Skulu þeir m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfunum fylgja.
- Hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar greinargerðir vegna breytinga á grunnlaunaflokkun.

Tímabundin viðbótarlaun, 5. mgr. 39. gr. a

- Ákvörðun um viðbótarlaun skal vera tímabundin en þó aldrei lengur en tvö ár í senn.
- Ráðherra hefur eftirlit með framkvæmd viðbótarlauna og skal gera hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn grein fyrir því ef hann telur að framkvæmdin sé í ósamræmi við þær forsendur sem settar hafa verið um viðbótarlaun.

Tímabundin viðbótarlaun, 5. mgr. 39. gr. a

- Greiða má viðbótarlaun til forstöðumanns vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi, sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi.
- Hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn tekur ákvörðun um hvort viðbótarlaun verði greidd forstöðumanni.

Málsmeðferð, 6. mgr. 39. gr. a

- Taka skal mál til meðferðar vegna grunnlaunaflokka og undirflokka að ósk hlutaðeigandi ráðherra, stjórnar, Félags forstöðumanna ríkisstofnana eða þegar þurfa þykir og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á launum í þjóðfélaginu eða á störfum forstöðumanna.
- Eigi sjaldnar en árlega skal meta hvort tilefni sé til breytinga á fjárhæð grunnlaunaflokka og undirflokka.
- Heimilt er að ákveða að stefnumarkandi ákvarðanir um grunnlaunaflokkun og undirflokkun séu teknar sjaldnar, allt að fjórða hvert ár.

Ákvæði 39. gr. c og 36. gr. stml.

Heimild forstöðumanns til að gera starfslokasamning, 3. mgr. 39.

gr. c

- Forstöðumaður, í samráði við hlutaðeigandi ráðherra, getur gert samning um starfslok við starfsmenn stofnunar.
- Ráðherra setur nánari reglur við hvaða aðstæður forstöðumanni er heimilt að gera samning um starfslok.

Stjórnendastefna, 1. mgr. 39. gr. c

- Ráðherra skal setja heildstæða stjórnendastefnu.
- Ráðherra skal veita aðstoð og ráðgjöf um framkvæmd stjórnendastefnu og setja fram verklagsreglur og leiðbeiningar sem þýðingu geta haft við framkvæmd hennar þar sem m.a. komi fram:
 - ✓ hvaða almennu hæfnisþætti leggja skuli áherslu á.
 - ✓ framkvæmd frammistöðumats.
 - ✓ gerð starfsþróunaráætlunar fyrir forstöðumenn.
 - ✓ skilgreining mælikvarða fyrir grunnmat á rekstri stofnana í samráði við hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn.

Hreyfanleiki, e- liður 1. tölul. 8. gr.

- Með frumvarpinu er einnig lagt til að gerð verði breyting á lögum nr. 70/1996 til að auka hreyfanleika embættismanna, sbr. tillögur nefndar um endurskoðun laga um Stjórnaráð Íslands „Samhent stjórnslá“ frá desember 2010.
- Lagt er til að stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, geti flutt embættismann í annað almennt starf án auglýsingar enda liggi fyrir samþykki embættismannsins sjálfs.
- Enn fremur er lagt til að stjórnvald geti samþykkt að embættismaður sem það skipaði flytjist í annað almennt starf er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því og fyrir liggi samþykki embættismannsins sjálfs.

Flutningur, starfslok og auglýsing, 2. mgr. 39. gr. c

- Eftir gerð frammistöðumats og starfsþróunaráætlunar getur hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn lagt til að embættismaður verði:
 - ✓ Fluttur milli starfa skv. 36. gr. laga nr. 70/1996.
 - ✓ Gerður verði við hann samningur um starfslok.
 - ✓ Honum tilkynnt að embættið verði auglýst laust til umsóknar skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996.

Birting, rökstuðningur, málskot og sérstök hæfnisnefnd

Birting, rökstuðningur og málskot, 6 og 7. mgr. 39. gr. A

- Ákvarðanir skv. 1. og 5. mgr. 39. gr. a skulu rökstuddar og birtar opinberlega með aðgengilegum hætti.
- Ákvörðun samkvæmt 39. gr. a verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Sérstök hæfnisnefnd, 39. gr. B

- Hlutaðeigandi ráðherra eða stjórn geta falið sérstakri hæfnisnefnd þriggja manna að meta hæfni umsækjenda um starf forstöðumanns og er niðurstaða hennar ráðgefandi.
- Ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins setur reglur um hæfnisnefndir, þar sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, hæfi nefndarmanna svo og verkefni og málsmeðferð.

Embættismenn Alþingis, sbr. 2. mgr. 39. gr. a

- Forsætisnefnd Alþingis ákvarðar grunnlaunaflokkun, undirflokkun og viðbótarlaun með hliðsjón af þeim forsendum sem settar hafa verið skv. 1. mgr. 39. gr. a:
 - ✓ Skrifstofustjóra Alþingis.
 - ✓ Ríkisendurskoðanda.
 - ✓ Umboðsmanns Alþingis.

- Hér er horft til þess að þessir embættismenn þurfa að vera sjálfstæðir og óháðir framkvæmdarvaldinu.

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, skrifstofustjóri Lögréttu og Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 39. gr. a

- Stjórn dómstólasýslunnar ákvarðar laun og starfskjör framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar, skrifstofustjóra Landsréttar og Hæstaréttar.
 - ✓ Ekki þykir rétt að ráðherra eða hlutaðeigandi ráðherra hafi einhverja aðkomu að ákvörðun launa og starfskjara hans vegna sjónarmiða um sjálfstæði dómstólsins.
 - ✓ Bráðabirgðaákvæði um að forseti Hæstaréttar ákvarði laun skrifstofustjóra Hæstaréttar þar til lög nr. 50/2016, um dómstóla, taka gildi (1. jan. 2018).